



Starfsáætlun

6. og 7. bekkur

veturinn 2021-2022

Arna Ýr Guðmundsdóttir - umsjónarkennari

Paula M. Pálsdóttir - umsjónarkennari

Sunna Friðþjófsdóttir - umsjónarkennari

Þóra Ýr Sveinsdóttir - umsjónarkennari

Kolbrún Sigurgeirsdóttir - stoðkennari

Fannar Daði Malmquist Gíslason - stuðningsfulltrúi

Inga Vala Magnúsdóttir - stuðningsfulltrúi

Steinar Logi Þórðarson - stuðningsfulltrúi

Efnisyfirlit

Námsumhverfi og skipulag	3
Námsaðlögun og einstaklingsmiðað nám.....	3
Nemendasamtöl.....	3
Jákvæður agi, bekkjarfundir og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	4
Samvinnunám	4
Samþætting	4
Þemanám.....	5
Upplýsingatækni	5
Teymisvinna/teymiskennsla.....	5
Verklagsreglur teymis.....	6
Starfsþróun.....	6

Námsumhverfi og skipulag

Í öllum námsgreinum er unnið út frá markmiðum Naustaskóla sem unnin eru út frá Aðalnámskrá grunnskólanna auk þess sem grunnþættir menntunar eru hafðir til hliðsjónar. Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn þar sem markmiðin eru metin. Notast er við kannanir, munnlegt mat og mat á verkefnum, einnig munu nemendur fá þjálfun í sjálfsmati og jafningjamati. Forritin Seesaw og Classkick verða einnig notuð við námsmat.

Í stærðfræði vinna nemendur sjálfstætt í kaflaáætlunum og er könnun í lok hvers kafla. Einnig er vikuleg stöðvavinna með fjölbreyttum stærðfræðiverkefnum þar sem viðfangsefnið er nálgast á fjölbreyttan hátt.

Í ensku og dönsku er unnið með hlustun, framburð og tjáningu auk ritunar, lesturs og lesskilnings. Í tungumálakennslu lærum við mikið í gegnum leik og spil auk vinnubókavinnu, Classroom og Seesaw.

Í íslensku höfum við Læsi fyrir lífið að leiðarljósi og er unnið að því að gera nemendur sjálfstæð í að nýta sér verkfærin. Markvisst er unnið með lesskilning, ritun og stafsetningu í gegnum fjölbreytt verkefni. Málfræði fléttast inn í alla verkefnavinnu.

Námsaðlögun og einstaklingsmiðað nám

Námsefni er aðlagð að nemendum eftir þörfum. Stoðkennari sér um að skipuleggja einstaklingsnámskrá þar sem þörf er á og er það gert í samráði við foreldra.

Komið er til móts við nemendur með ólíka þarfir og reynt að hafa námsmat og markmið með sem fjölbreyttasta móti. Nemendur hafa yfirleitt val um skil á verkefnum og er með því reynt að koma til móts við styrkleika og getu nemenda.

Nemendasamtöl

Nemendasamtöl eru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn, viðtölin eru skráð á Mentor undir Ný dagbók. Óformleg nemendasamtöl fara töluvert oftar fram yfir veturinn en eru óskráð.

Jákvæður agi, bekkjarfundir og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í Jákvæðum aga verður unnið samkvæmt kennsluáætlun, en í vetur verður lögð áhersla á virðingu (m.a. að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, virða fjölbreytileikann og setja sig í spor annarra) og sjálfstæða lausnaleit. Auk þess sem útbúinn verður griðastaður og bekkjarsáttmáli.

Bekkjjarfundir (dagskrá – hlutverkaleikir) – eru tvisvar í viku. Nemendum er ýmist skipt í umsjónarhópa eða ekki. Á fundum verður farið eftir kennsluáætlun jákvæðs aga og unnið að því að nemendur geti nýtt sér verkfæri JA við lausnaleit. Nemendur útbúa í sameiningu (6. og 7. bekkur) bekkjarsáttmála til að fara eftir.

Naustaskóli er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnir að því að verða UNICEF skóli á nýju ári. Í vetur ætlum við að vinna markvisst með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og ætlum að taka fyrir eina grein í hverjum mánuði. Við ætlum að flétta vinnuna við jákvæðan aga og fjalla um greinar barnasáttmálans á bekkjarfundum og í krók. Við munum einnig vinna með hann í tengslum við grunnþætti menntunar t.d. læsi þar sem við munum nýta okkur verkefnabanka sem hægt er að nálgast á barnasáttmáli.is. „Áherslur Barnasáttmála og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna birtast með skýrum hætti í námi, leik og starfi enda skuli menntun beinast að því að rækta persónuþætti, hæfni og trú á eigin getu“.

Samvinnunám

Samvinnunám á sér stað í flestum kennslustundum að einhverju leyti, nemendur eru iðulega að vinna saman hvort sem það er í paravinnu eða hópavinnu.

Samþætting

Samþætting námsgreina er að mestu í þemavinnu, þar er íslenskukennsla að stórum hluta samþætt við samfélagsfræði og náttúrufræði. Einnig er upplýsingatæknimennt samþætt í allar námsgreinar þar sem nemendur eru að vinna verkefni á tölvur, leita upplýsinga og kynnast nýjum forritum og leiðum til að útfæra verkefni sín á sem fjölbreyttastan hátt.

Pemanám

Í vetur munum við vinna fimm þemu þ.e. Evrópa, Lífríki í sjó, Lífsleikni, Trúarbrögð og Vísindi. Unnið er í þema 2x í viku í árganga blönduðum hópum, annað skiptið í 80 mín og hitt skiptið í 100 mínútur.

Upplýsingatækni

Við leggjum mikið upp úr upplýsingatækni í kennslunni og höfum fastar kennslustundir þar sem við vinnum verkefni í upplýsingatækni. Einnig reynum við að vera duglegar að kynna ný forrit, öpp og nýjar leiðir í verkefnavinnu. Við munum vinna með Google Classroom, Seesaw og Classkick. Forrit sem við erum að kynna fyrir nemendum í byrjun skólaárs eru Anchor, Mindmup og Skrambi svo einhver dæmi séu nefnd.

Teymisvinna/teymiskennsla

Þemu vetrarins verða kennd bæði í aldurskiptum og aldursblönduðum hópum. Alla mánudaga er aldursblönduð hringekja þar sem nemendur vinna saman bæði í námi og leik. Á fimmtudögum er val þar sem hópar eru aldursblandaðir. Einu sinni í viku eru aldursblandaðir og kynskiptir íþróttatímar. Smiðjuhópar eru aldursblandaðir og kynskiptir.

Teymið hjálpast að ef nauðsynlegt er að fá aðstoð með nemanda til þess að álagið dreifist jafnt.

Umsjónarkennari er helsti tengiliður nemandans við heimili og fleira sem viðkemur velferð nemandans. Umsjónarkennari sér um foreldraviðtöl sem eru eitt á hvorri önn ásamt öllum fundum sem eru umfram þau. Ef vísa þarf til námsráðgjafa eða skóladeildar ber umsjónarkennari ábyrgð á að framfylgja því.

Hverjum árgangi fyrir sig er kennt sem heild og bera umsjónarkennarar hvers árgangs sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og vinna mál hvers og eins nemanda saman með samtali og samvinnu.

Verklagsreglur teymis

Í haust var útbúið skipulag og störfum innan teymis deilt niður á tímabil sem síðan deilast niður á kennara í hvert sinn. Í lok árs hafa allir kennarar unnið hvert starf yfir veturinn. Fundarskipulag 6. og 7. bekkur eru með teymisfundi á fimmtudögum kl.14 með deildastjóra auk þess erum við örfundi á vinnuherbergi á mánudögum og miðvikudögum eftir kennslu.

Starfsþróun

Starfsþróun teymisins verður í stöðugri þróun í vetur. Lögð verður áhersla á að vinna áfram með lestur og lesskilning og nýtum við þar verkfæri Læsi fyrir lífið, sem er þróunarverkefni á vegum miðstöð skólaþróunar Háskóla Akureyrar.

Teymið vann á haustdögum kennsluáætlun í Jákvæðum aga þar sem við drógum saman þá þætti sem við þurfum að þjálfa betur innan jákvæðs aga og munum við fylgja þeirri áætlun. Með þeirri vinnu erum við að vinna að því að nemendur geti sjálf leyst úr ágreiningi eða vandamálum sem upp koma í skólanum. Unnið verður með dygðirnar virðingu og tillitssemi - að náungakærleikurinn verði ríkjandi og að nemendur geti hlustað á og virt skoðanir annarra.

Lögð verður áhersla á þróun kennsluhátta í upplýsingatækni, nýtingu nýrra forrita og áframhaldandi vinnu með Seesaw, Classkick og Classroom.

Sameiginlegt markmið teymisins er að vera í stöðugri þróun og upplýsingaöflun í leit að nýju námsefni og leiðum í námi og kennslu.